

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960,
um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Með umsókn skal senda:

1. Tvær skýrar andlitsmyndir af umsækjanda, berhöfðuðum. Stærð myndar skal vera 35x45 mm. Hún skal vera á endingargóðum ljósmyndapappír, merkja- og stimplalaus og eigi eldri en tveggja ára.
 2. Sakavottorð.
 3. Vottorð læknis um, að umsækjandi hafi sjón og heyrn, eins og krafizt er í 4. gr. og sé svo andlega og líkamlega haustur sem þar greinir.
 4. Vottorð löggilts ökukennara, sbr. 10. gr., um að nemandi sé hæfur, að hans dómi, til að taka próf,
 5. Samþykki lögreglustjóra í heimasveit umsækjanda, ef umsókn er send öðrum lögreglustjóra.
- Gögn þau, sem talin eru í 2.—5. tölulið, mega ekki vera eldri en eins mánaðar.

Umsókn til prófs samkvæmt 38. og 39. gr. þurfa þó eigi að fylgja gögn þau, sem talin eru í 1. og 4. tölulið.

Lögreglustjóri kannar, hvort upplýsingar umsækjanda séu réttar.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo: Nú telur lögreglustjóri áreiðanleik, samvirkusemi eða reglusemi umsækjanda vafasama samkvæmt framlögðum gögnum eða öðrum upplýsingum, og skal hann þá því aðeins veita heimild til próftöku, að umferðaröryggi verði ekki talin sérstök hættu búin, þótt umsækjandi fái ökuskirteini. Eigi skal að jafnaði leyfa manni próftöku, ef hann á síðastliðnum 12 mánuðum hefur hlotið refsingu fyrir ölvun, nema um sé að ræða einstakt tilvik hjá manni, sem að öðru leyti má telja áreiðanlegan og samvirkusaman.

3. gr.

Í stað „5. tölulið 2. gr.“ í 7. mgr. 7. gr. komi: 4. tölulið 2. gr.

4. gr.

12. gr. orðist svo:

Umsóknir um þáttöku í námskeiði skal senda bifreiðaeftirliti ríkisins, sem annast afgreiðslu þeirra til forstöðumanns.

Þáttökuskilyrði eru þessi:

- a. 19 ára aldur.
- b. Almenn réttindi til bifreiðaaksturs.
- c. Að umsækjandi hafi ekið bifreið að staðaldri ekki skemur en 6 mánuði og þar af ekki skemur en 3 mánuði á undanförunum 12 mánuðum.
- d. Að umsækjandi hafi ekki á undanförunum 12 mánuðum verið án ökuskirteinis vegna ökuleyfissviptingar, gerzt brotlegur við ákvæði um neyzlu eða meðferð áfengra drykkja, eða verið refsað fyrir vítaverða aksturshætti.

- e. Að umsækjandi hafi óflekkað mannorð, ef um er að ræða réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- f. Að umsækjandi hafi staðizt ökuþróf skv. e-lið 33. gr.

Umsókn skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um skilyrði e-liðar, læknisvottorð samkvæmt 3. tölulið 2. gr. og sakavottorð. Umsækjandi skal sanna, að hann fullnægi skilyrðum b-liðar með því að framvísa gildu ökuskrirteini.

Forstöðumaður skal leita álits viðkomandi lögreglustjóra, sbr. 1. gr., hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum til þátttöku í námskeiði.

5. gr.

Fyrirsögn E-liðar II. kafla orðist svo: Æfingaakstur á léttum bifhjólum.

6. gr.

- a) Í stað „reiðhjóls með hjálparvél“ í 1. mgr. 16. gr. komi: léttis bifhjóls.
- b) 3. mgr. 16. gr. orðist svo: Áður en lögreglustjóri gefur út heimild til æfingaaksturs, skal umsækjandi sanna, að hann hafi næga þekkingu á umferðarreglum. Lögreglustjóra er heimilt að krefjast þess, að umsækjandi taki þátt í stuttu námskeiði í umferðarreglum, akstri og meðferð léttra bifhjóla.

7. gr.

Í stað „reiðhjóla með hjálparvél“ í 1. mgr. 20. gr. komi: léttra bifhjóla.

8. gr.

3. mgr. 33. gr. orðist svo: Við prófið skal gefa einkunnir 0—10. Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til að standast prófið, er 6, og má einkunn í þeim greinum, sem um ræðir í staflidum c og d, hvorum fyrir sig, ekki vera lægri.

9. gr.

3. mgr. 34. gr. orðist svo: Próftaki, sem staðizt hefur próf, fær prófskrirteini. Þó skal eigi afhenda próftaka skirteini fyrr en hann hefur náð 20 ára aldri. Nú á ákvæði e-liðar 12. gr. við um próftaka, og skal þá skrá athugasemd um það í prófskrirteini.

10. gr.

Fyrirsögn E-liðar IV. kafla orðist svo: Próf í akstri léttra bifhjóla.

11. gr.

Í stað „reiðhjóli með hjálparvél“ í 38. gr. komi: léttu bifhjóli.

12. gr.

Á eftir 40. gr. komi ný grein, og breytist greinatalan samkvæmt því. (41. gr.) Ökuskrirteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskirteini og fullnaðarskirteini.

Bráðabirgðaskirteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi.

Fullnaðarskirteini gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskirteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, og ökuskrirteini samkvæmt 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 skulu þó gilda í 5 ár.

Ökuskrirteini fyrir mann, sem er orðinn 70 ára, má þó gefa út til skemmri tíma. Sama gildir, þegar vafi er um reglusemi umsækjanda eða vænta má, að andlegt eða líkamlegt atgerfi hans breytist að mun á næstu 5 árum. Leita skal

umsagnar héraðslæknis, áður en ákvörðun er tekin samkvæmt síðastgreindu ákvæði.

Áður en fullnaðarskirteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeiganda. Ef hlutaðeigandi hefur lent í umferðarslysum eða umferðaróhöppum og kenna má vankunnáttu, vanhæfni, vítaverðum akstursháttum eða öðrum brotum gegn ákvæðum umferðarlaga, má eigi gefa út fullnaðarskirteini, nema hann hafi staðizt próf að nýju í umferðarreglum og akstri bifreiða. Skal þá liggja fyrir vottorð trúnaðarsérfræðings um líkamlega og andlega heilbrigði og andlegan þroska hlutaðeigandi, sbr. 4. gr.

13. gr.

a) Á eftir 1. tölulið 41. (verður 42.) gr. komi nýr töluliður, svo hljóðandi: 2. Nafnnúmer skirteinishafa samkvæmt þjóðskrá.

b) 2. (verður 3.) töluliður orðist svo: Nafn, fæðingardag, fæðingarár og heimili skirteinishafa.

14. gr.

42. (verður 43.) gr., sbr. reglugerð nr. 163 1965, orðist svo:

Heimild til aksturs dráttarvéla eða léttra bifhjóra skal rituð á bakhlíð nafnskirteinis, svo hljóðandi: Skirteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél, eða: Skirteinishafi hefur heimild til að stýra léttu bifhjóli, eða: Skirteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél og léttu bifhjóli. Á nafnskirteini, sem ber áritun þessa, skal vera mynd skirteinishafa. Áritunin skal vera dagsett og undirrituð af lögreglustjóra.

15. gr.

43. (verður 44.) gr. orðist svo:

Heimild til aksturs leigubifreiða, stórra vörubifreiða og fólksbifreiða, sem flytja mega fleiri en 16 farþega, samkvæmt 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, skal skrá í ökuskirteini að afloknu prófi, enda framvisi umsækjandi prófskirteini. Nú eru liðnir meira en 6 mánuðir frá prófi, og skal lögreglustjóri þá kanna að nýju, hvort umsækjandi fullnægir skilyrðum d og e liða 12. gr.

16. gr.

Í stað „1.—4. tölulið 2. gr.“ í 2. mgr. 44. (verður 45.) gr. komi: 1.—3. tölulið 2. gr.

17. gr.

Fyrirsögn E-liðar V. kafla orðist svo: Endurnýjun ökuskirteinis.

18. gr.

46. gr. (verður 47.) gr. orðist svo:

Sá, sem óskar endurnýjunar fullnaðarskirteinis, skal senda lögreglustjóra, sbr. 1. gr., umsókn um endurnýjun ásamt 2 myndum, læknisvottorði og saka-vottorði, sbr. 2. mgr. 2. gr. Umsókn um endurnýjun skal rituð á eyðublað, sem lögreglustjóri lætur í té. Með umsókn skal afhenda ökuskirteini það, sem óskast endurnýjað. Skal hið endurnýjaða ökuskirteini bera hið upphaflega númer.

Áður en ökuskirteini er endurnýjað, skal umsækjandi standast skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Skal prófi hagað þannig, að próftaki merki við rétt svör á prófverkefnablöðum, er dómsmálaráðuneytið leggur til.

Lögreglustjóri getur krafizt þess, að umsækjandi gangi undir bifreiðastjóra-próf að nýju og skal það að jafnaði gert, ef meira en eitt ár er liðið frá því, að ökuréttindi umsækjanda féllu niður. Sama gildir, ef umsækjandi hefur eigi

stjórnad bifreið síðasta árið áður en endurnýjunar er óskað. Eigi er skylt að nota löggilta kennslubifreið við próf samkvæmt þessari málsgrein.

Hið nýja ökuskírteini gildir frá útgáfudegi þess.

19. gr.

Á eftir 46. (verður 47.) gr. komi nýr liður: F. Afturköllun ökuskírteinis og svipting.

20. gr.

Á eftir 47. (verður 48.) gr. komi tvær nýjar greinar, og breytist greinatalan samkvæmt því.

a) (49. gr.) Nú er maður sviptur ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 eða hann hefur misst það samkvæmt 7. mgr. 27. gr. sömu laga, og skal hann þá afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt.

Nú hefur ökuskírteini ekki verið gefið út við það embætti, þar sem ákvörðun um sviptingu eða afturköllun var gerð, og skal þá þegar senda skírteinið til þess lögreglustjóra, sem gaf það út. Nú er ökuskírteini glatað eða það verður ekki afhent af öðrum ástæðum, og skal það þá þegar tilkynnt viðkomandi lögreglustjóra.

b) (50. gr.) Lögreglustjóri getur krafizt þess, að sá, sem fær ökuskírteini sitt afhent að nýju að loknum sviptingartíma, skuli ganga undir bifreiðarstjóra-próf að nýju. Skal það að jafnaði gert, ef svipting hefur staðið lengur en eitt ár. Eigi er skylt að nota löggilta kennslubifreið við próf þetta.

21. gr.

a) Á eftir 1. tölulið 48. (verður 51.) gr. komi nýr töluliður, svo hljóðandi: 2. Nafnnúmer skirteinishafa samkvæmt þjóðskrá.

b) 2. (verður 3.) töluliður 48. (verður 51.) gr. orðist svo: Nafn, fæðingardag og fæðingarar skirteinishafa.

c) 6. (verður 7.) töluliður 48. (verður 51.) gr. orðist svo: Útgáfa samrita, sbr. 46. gr., endurnýjanir og dagsetningar þeirra.

22. gr.

Í stað „reiðhjólí með hjálparvél“ í 51. (verður 54.) gr. komi: léttu bihjólí.

23. gr.

a) Í stað „reiðhjólí með hjálparvél“ í 3. tölulið í A lið 52. (verður 55.) gr., sbr. reglugerð nr. 229 1965 komi: létt bihjól.

b) Í stað „reiðhjólí með hjálparvél“ í 4. tölulið í B lið 52. (verður 55.) gr., sbr. reglugerð nr. 229 1965 komi: léttu bihjólí.

24. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast gildi 1. október 1966.

Ákvæði 2. efnismálsgr. 16. gr. taka þó eigi gildi fyrr en 1. janúar 1967.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.